

5. gr.

Eftirlit og viðurlög.

- 5.1. Telji starfsmaður reglur þessar brotnar og náist ekki að leysa ágreining sbr. 2. gr. 9. tl. getur viðkomandi kært það til öryggisráðarmanns eða öryggisnefndar á viðkomandi vinnustað. Sætti starfsmaður sig ekki við úrlausn getur hann skotið málinu til vinnueftirlits ríkisins. Að öðru leyti fer um brot gegn reglum þessum skv. lögum nr. 74/1984.
- 5.2. Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins geta þó gert með sér samkomulag um það að heilbrigðisnefndir annist eftirlitið á tilteknum vinnustöðum, að höfðu samráði við þær.

6. gr.

Gildistaka.

- 6.1. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, og að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. desember 1985.

Ragnildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING**um tollmeðferð á upprunavörum í viðskiptum Íslands, Portúgal og Spánar.**

Frá og með 1. janúar 1986 ganga Portúgal og Spánn í Efnahagsbandalag Evrópu. Frá sama tíma falla úr gildi fríverslunarsamningar EFTA-landanna og Spánar og aðild Portúgal að EFTA.

Samningaviðræður um bókun við fríverslunarsamning Íslands og EBE varðandi aðlögunartíma vegna aðildar Portúgal og Spánar að EBE er enn ekki lokið. Erindaskipti milli Íslands og EBE hafa hins vegar farið fram þar sem samkomulag er um að óbreytt ástand haldist í viðskiptum Íslands við Portúgal og Spán á tímabilinu 1. janúar til og með 28. febrúar 1986.

Með vísan til framanritaðs svo og 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum tilkynnist hér með að tollmeðferð upprunavara frá Portúgal og Spáni svo og tollmeðferð vegna útflutnings íslenskra upprunavara til þessara landa skal haldast óbreytt til og með 28. febrúar 1986 samkvæmt ákvæðum auglýsinga nr. 267/1980 og 680/1980 með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1985.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurgeir A. Jónsson.